



**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
á málþingi Íslenska jarðvarmaklasans
„Öld rannsókna og þróunar“**

**Reykjavík
9. febrúar 2018**

Góðir gestir.

„Af öllum þeim fyrirbærum, sem íslensk náttúra á og vakið geta furðu glöggra áhorfenda, er ekkert sem kemst í samjöfnuð við hverina og laugarnar sem hvarvetna eru dreifð um landið.“ Þessi orð voru fest á blað síðla átjándu aldar. Ritarinn var ferðalangur frá Svíþjóð, Uno von Troil, og var honum hlýtt til okkar hans vel til okkar.

Aðrir gestir að utan voru ekki alltaf eins hrifnir af því sem fyrir augu bar. Johann Anderson hét maður, borgarstjóri í Hamborg. Hann setti saman rit um Ísland á fyrri hluta sömu aldar, sagði þar meðal annars að við Íslendingar værum „deilugjarnir og illviljaðir, hefnigjarnir, fláraðir og þrællyndir.“ Hér væri auk þess vart búandi; landið léki einatt á reiðiskjálfi. Anderson skrifaði:

„Enn ein ástæða þess að svo fáir búa á eygni er innra ástand hennar sem birtist reglulega í mikilli og hræðilegri eyðingu lands, sem ekkert lát er á. Þetta gerist vegna þess að eyjan öll er einn klettur og undirstaðan ótraust og hol, jafnt í dölum sem til fjalla. Hún er að mestu leyti samsett úr margskonar eldfimum steinefnum og fyrir vikið eru meiri líkur á jarðskjálftum en í nokkru landi öðru á jarðarkringlunni, enda verður oft og einatt á mörgum stöðum vart við miklar og afar sérstakar jarðhræringar.“

Allar eru þessar lýsingar Andersons á landi og þjóð ósannar, eins og við vitum vel. Gleymum því ekki heldur að á fyrri öldum voru jarðeldar álitnir glögg sönnun þess að styttra væri milli Helvítis og íbúa Íslands en þekktist annar staðar, Hekla alræmd sem inngangur Vítis. Ekki er laust

við að þetta hafi varpað nokkrum skugga á þjóðina sem byggði landið — við Íslendingar vorum í raun kynntir sem nágrannar Kölska sjálfs. Og svo ollu jarðeldar hamförum og mannfelli á fyrri öldum.

Nú er öldin önnur. Jarðhitinn er í augum nútímans hagkvæm og umhverfisvæn orkulind. Það er ekki lítið mál þegar loftmengun vegna olíu- og kolabruna veldur ugg og stefnir lífi og heilsu fólks í hættu víða um heim.

Kannski má segja að nútímasaga jarðhitanytingar hér í borginni hefjist þegar hveravatn var leitt í Austurbæjarskólann árið 1930 en síðan hafa stór skref verið stigin. Mjög merktum áfanga var náð þegar menn fóru að nýta jarðhita til rafmagnsframleiðslu með gufuhverflum, svo gætum við kallað opnun Bláa lónsins annan stóráfanga á þessari vegferð.

Mörg önnur verkefni mætti nefna hér í dag. Þurrkun fisks með jarðvarma er athyglisverð viðbót við matvælaframleiðslu okkar, og gróðurhúsin með tilheyrandi rósarækt og agúrkum auðvitað stórmerkileg. Þá má geta Jarðhitaskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna sem hefur verið mjög mikilsvert tæki til að þjálfa langt að komna nemendur í að virkja auðlindir heimalandsins.

Öll þessi nýting jarðhita á síðustu áratugum hefur byggst á öflugum mannskap, liði sem var reiðubúið að læra af reynslunni og hefur byggt upp færni og þekkingu á þessu sviði í landinu.

Þar má gera enn betur. Fyrirtæki og sérfræðingar hafa unnið að nýtingu jarðhita í mörgum öðrum löndum, í Austur-Evrópu, Kína, Eþíópíu og víðar. Þar hafa menn skapað mikilsverð tækifæri, bæði til umhverfsvæns atvinnurekstrar og tækifæri til að efla tækniþekkingu íslenskra sérfræðinga.

Góðir áheyrendur: Á þessu málþingi verður fjallað um hugverkarétt, samkeppnishæfni jarðvarmageirans og fjárfestingu í þekkingu. Allt helst þetta í hendur. Lofsvert er að þróa nýja tækni við nýtingu jarðhita, finna upp aðferðir og smíða tæki sem að gagni mega koma. Þar getur verið mikilsverð tekjulind í framtíðinni.

Mestu skiptir þó að mannkyn nýti í ríkari mæli vistvæna orkugjafa í stað olíu og kola sem menga loftið og auka umhverfisvá. Hér eru sóknarfæri. Hér getum við Íslendingar nýtt okkur þá kosti sem landið býr yfir, nýtt þá þekkingu sem við getum aflað okkur, en hugað að sjálfsögðu um leið að sjálfbærni og náttúruvernd.

Ég óska ykkur góðs gengis og hlakka til að fylgjast með umræðum á þessu fróðlega málþingi.